

Sparisjóður Þingeyinga - Stjórnarháttayfirlýsing

Sparisjóður Þingeyinga er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og stundar sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.

Sparisjóðurinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja með vísan til 54.gr. laga 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Leiðbeiningar um stjórnarhætti eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, nú í 6. útgáfu frá 2021. Leiðbeiningarnar má finna [hér](#). Stjórnarhættir Sparisjóðs Þingeyinga ses. byggjast einnig á [samþykktum sparisjóðsins](#) sem eru á heimasíðu sjóðsins.

Sparisjóðurinn vikur frá hluta leiðbeininga um stjórnarhætti þar sem hann hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn eða æðstu stjórnendur.

Seðlabanki Íslands, fjármálaeftirlit hefur eftirlit með starfsemi sparisjóðsins eins og kveðið er um í lögum um fjármálafyrirtæki. Yfirlit um viðkomandi lög, reglur og viðmiðanir um starfsemi sparisjóða má nálgast á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra eru aðgengilegar á heimasíðu sparisjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins

Stjórn sparisjóðsins er skipuð fimm einstaklingum sem kosnir eru á árlegum aðalfundi sparisjóðsins ásamt tveimur varamönnum. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði skv. 52.gr. laga nr. 161/2002.

Stjórn kys sér formann og varaformann. Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram starfsáætlun fyrir árið og samþykkir hana. Samkvæmt henni eru stjórnarfundir haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði eða oftar telji stjórn ástæðu til.

Sparisjóðsstjórn fer með málefni sparisjóðsins og skal hún annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og tryggja að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins. Ennfremur hefur hún með höndum almennt eftirlit með rekstri hans og tekur ákvarðanir tengdar rekstri sjóðsins, sem telja verður meiriháttar. Stjórnin skal ráða sparisjóðsstjóra og setja honum erindisbréf. Stjórnin skal setja reglur um mörk lánaheimilda sparisjóðsstjóra sem og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar sbr. gildandi lög um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins er stjórnarfundur því aðeins lögmætur að a.m.k. þrír stjórnarmenn sitji hann. Stjórnarfundir á starfsárinu 2025-2026 voru 18 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á þeim öllum.

Stjórn sjóðsins hefur sett sér starfsreglur skv. 54.gr. laganna. Starfsreglurnar taka m.a. til framkvæmdar starfa stjórnar, ábyrgðar hennar og verkaskiptingar stjórnar og sparisjóðsstjóra. Starfsreglurnar er að finna [hér](#).

Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu sparisjóðsstjóra. Stjórn skal yfirfara og meta þróun sparisjóðsins og hvort hún sé í samræmi við markmið sjóðsins. Stjórnin skal leita leiða til að bæta úr verklagi í samræmi við niðurstöðu matsins. Árangursmat stjórnar var framkvæmt á árinu og fylgni var til staðar við þau viðmið sem lögð eru til grundvallar.

Ef upp koma tilvik þar sem tiltekinn stjórnarmaður uppfyllir ekki skilyrði um óhæði er séð til þess að viðkomandi stjórnarmaður taki ekki þátt í umræðum né ákvarðanatöku um viðskiptaerindi tengdra aðila.

Upplýsingar um stjórnarmenn

Berglind Pétursdóttir

Berglind Pétursdóttir er fædd 19.júlí 1971 og er búsett á Húsavík. Hún er með BSc í viðskiptafræði (fjármál og stjórnun) frá Háskólanum á Bifröst, MT gráðu í uppeldis- og kennslufræði og vottaður fjármálaráðgjafi frá Háskólanum í Reykjavík auk fjölda námskeiða tengd fjármálum, fjármálamörkuðum og stjórnun. Berglind er umsjónarkennari við Borgarhólsskóla á Húsavík og hefur verið frá haustinu 2024. Hún var viðskiptastjóri í Íslandsbanka (og staðgengill útibússtjóra) á árunum 2015-2024, starfsmaður

á skrifstofu Borgarhólsskóla árin 2009-2015 og ráðgjafi í Landsbankanum árin 1995-2008 ásamt því að vera trúnaðarmaður starfsmanna í 7 ár á þeim tíma.

Berglind er óháð sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Dagbjört Jónsdóttir er fædd 25. janúar 1968 og er búsett á Laugum í Reykjadal. Hún er með B.A. í félagsvísindum HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði) frá Háskólanum á Bifröst.

Dagbjört er svæðissérfræðingur hjá Náttúruverndarstofnun í Mývatnssveit. Áður starfaði Dagbjört við innlánaðeild Búnaðarbanka aðalbanka í Reykjavík frá 1988-1990. Hún var afgreiðslustjóri hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga frá 1991 til 2005 og var í stjórn sparisjóðsins 2013-2016. Dagbjört var skrifstofustjóri hjá Þingeyjarsveit frá 2011 til 2012 og síðar sveitarstjóri Þingeyjarsveitar frá 2012 til 2022. Hún hefur setið í nokkrum nefndum, ráðum og stjórnnum í gegnum tíðina og hefur töluverða reynslu á þeim vettvangi.

Dagbjört er óháð sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Eiríkur Haukur Hauksson er fæddur 31. júlí 1973 og er búsettur í Svalbarðsstrandarhreppi. Eiríkur er með BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands auk ýmissa námskeiða. Eiríkur er framkvæmdastjóri Búfesti hsf. og gegnir jafnframt stjórnarformennsku hjá KEA svf. Hann er í stjórnnum Norlandair, SÍSP, Bjarnargerði ehf., Byggingarfélagsins Naustaborgar ehf., Vöðlum ehf. og Veigastöðum ehf. Eiríkur var sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps 2014-2018 og sat í sveitarstjórn frá 2010-2014. Hann var framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar 2011-2014.

Eiríkur er óháður sparisjóðnum en ekki stórum stofnfjárhöfum.

Pétur Jónsson er fæddur 14. september 1966 og er búsettur á Víðakoti í Reykjadal.

Pétur er með MSc-gráðu í fjármálum og reikningshaldi frá School of Business, Economics and Law við Háskólann í Gautaborg

Pétur er eigandi og framkvæmdastjóri Naskur ehf. þar sem hann sinnir fjármála-, rekstrar- og kerfisráðgjöf, með áherslu á reikningshald, fjárhagsgreiningu, rekstrargreiningu og gagnadrifna ákvarðanatöku. Hann hefur viðtæka reynslu af fjármálum, stjórnun og rekstri fyrirtækja, meðal annars sem sérleyfishafi Pizza Hut á Íslandi og í Finnlandi frá 2003 til 2015, þar sem hann bar ábyrgð á sölu, markaðsmálum, rekstri og afkomu 15 veitingastaða. Pétur hefur einnig starfað við sölu- og markaðsstjórnun, innflutning, ráðgjöf og uppbyggingu upplýsingakerfa og mælaborða fyrir stjórnendur.

Pétur hefur setið í stjórnnum og sinnt ráðgjöf fyrir fjölbreytt fyrirtæki og hefur umtalsverða reynslu af fjármálastjórn, rekstraráætlunum, greiningu rekstrarupplýsinga, innra eftirliti og stefnumótun. Hann hefur í störfum sínum unnið náið með stjórnendum og eigendum fyrirtækja að bættri yfirsýn, rekstrarlegri ákvarðanatöku og fjárhagslegri eftirfylgni.

Pétur er óháður sparisjóðnum og óháður stórum stofnfjárhöfum.

Sigríður Jóhannesdóttir er fædd 3. október 1978 og er búsett á Gunnarsstöðum í Þistilfirði. Hún er með bs 120 í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Sigríður er sjálfstætt starfandi en hún rekur ásamt manninum sínum sauðfjárbú á Gunnarsstöðum auk þess að reka sápu- og kertagerð. Áður starfaði Sigríður við ýmis rekstrar og stjórnunartengd störf s.s. framkvæmdarstjóri ráðgjafamiðstöðvar, við rekstrarráðgjöf í landbúnaði, skrifstofustjóri Langanesbyggðar, rekstrarstjóri dvalar- og hjúkrunarheimilis og formaður og framkvæmdarstjóri Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Sigríður sat í stjórn Byggðastofnunar 2014-2021. Þá sat hún í stjórn sparisjóðsins 2022-2023 og hefur setið í stjórn sjóðsins síðan 2024 Einnig hefur Sigríður sinnt ýmsum stjórnunar- og félagstörfum í gegnum árin.

Sigríður er óháð sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Bergþór Bjarnason fæddur 11. ágúst 1970 og er búsettur á Húsavík. Hann er með MLM- gráðu í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst frá árinu 2021 og BS- gráðu í viðskiptalögfræði frá sama skóla. Vottun fjármálaráðgjafa frá Háskólanum í Reykjavík og viðurkendur stjórnarmaður frá Akademias. Iðnrekstrarfræði frá Tækniháskóla Íslands og skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Bergþór starfar sem fjármálastjóri og staðgengill sveitarstjóra hjá sveitarfélaginu Norðurþingi. Bergþór starfaði sem útibússtjóri hjá Landsbankanum á Húsavík í 11 ár. Áður starfaði Bergþór við útgerð og tengda starfssemi.

Bergþór var aðalmaður í stjórn sparisjóðsins á árinu 2025-2026 og situr í ýmsum stjórnnum á vegum sveitarfélagsins Norðurþings og hefur reynslu af stjórnarsetu í allmörgum félögum.

Bergþór er óháður sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Pétur Bergmann Árnason er fæddur 27. apríl 1983 og er búsettur í Þingeyjarsveit. Hann er með B.Sc. í Rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands. Pétur Bergmann er framkvæmdastjóri hjá Fiskeldinu Haukamýri ehf. Áður starfaði Pétur hjá stjórnkerfasviði í verkfræðistofunni EFLU 2016-2018 og verkefna- og þróunarstjóri hjá nýsköpunar og frumkvöðlafyrirtækinu Raf ehf. 1997-2016. Gegnum árin hefur hann setið í mörgum nefndum, ráðum og stjórnnum hjá félagasamtökum, stofnunum og fyrirtækjum og oftast en ekki gegnt þar formannshlutverki og hefur viðtæka reynslu af þeim störfum. Pétur Bergmann hefur verið varamaður í stjórn Sparisjóðs Þingeyinga síðan 2023

Pétur Bergmann er óháður sparisjóðnum en ekki stórum stofnfjárhöfum.

Undirnefndir stjórnar

Undirnefnd stjórnar sparisjóðsins eru Endurskoðunar- og áhættunefnd.

Endurskoðunarnefnd starfar skv. 108 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem kveðið er á um að einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum.

Áhættunefnd starfar skv. 78. gr. laga nr. 161/2002. þar sem kveðið er á um að fjármálafyrirtæki skuli starfrækja áhættunefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum.

Stjórn sparisjóðsins hefur skv. heimild í 4. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002, sameinað störf endurskoðunar- og áhættunefndar, sbr. einnig IX kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn sparisjóðsins skipar tvo stjórnarmenn í nefndina og aðalfundur sparisjóðsins skipar einn utanaðkomandi aðila sem hefur sérþekkingu á sviði reikningshalds og endurskoðunar. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður sjóðnum

Endurskoðun- og áhættunefnd hélt 8 fundi á starfsárinu 2025-2026. Einu sinni á ári skilar nefndin til stjórnar sjóðsins yfirliti yfir störf sín. Erindisbréf sameinaðar nefndar má finna á heimasíðu sparisjóðsins **hér**.

Skipan Endurskoðunar- og áhættunefndar starfsárið 2025-2026

Knútur Þórhallsson, formaður er fæddur 23. apríl 1965 og er til heimilis í Garðabæ. Hann er með viðskiptafræðipróf Cand. Oecon frá HÍ og er löggiltur endurskoðandi. Knútur starfaði sem ráðgjafi og endurskoðandi hjá Löggiltum endurskoðendum hf., síðar Deloitte ehf frá árinu 1987 og hjá Avant endurskoðun ehf frá árinu 2020. Knútur hefur verið stundakennari við Endurmenntun HÍ í bókhaldi og reikningsskilum auk kennslu í skattskilum hjá NTV. Hann hefur verið formaður endurskoðunar- og áhættunefndar sparisjóðsins frá 2021.

Knútur er óháður sparisjóðnum og stórum stofnfjárhöfum.

Aðrir nefndarmenn:
Dagbjört Jónsdóttir, aðalmaður
Pétur Jónsson, aðalmaður

Aðalfundur sparisjóðsins ákveður árlega starfskjarastefnu sjóðsins að fengnum tillögum tilnefninganefndar. Starfskjarastefnu sparisjóðsins má finna [hér](#).

Tilnefningarnefnd

Með vísan í 25. grein samþykktar sparisjóðsins starfar tilnefningarnefnd til undirbúnings stjórnarkjóri. Tilnefningarnefnd skal skipuð tveimur einstaklingum völdum af aðalfundi og skal kjörtímabil þeirra vera tvö ár og lýkur á á víxl. Starfsreglur tilnefninganefndar og breytingar á þeim eru samþykktar af aðalfundi.

Nefndarmenn skulu vera óháðir viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Jafnframt skulu þeir vera óháðir þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Um óhæði nefndarmanna fer samkvæmt 2. gr. starfsreglna nefndarinnar sem er að finna á heimasíðu sparisjóðsins. [Starfsreglur tilnefninganefndar](#)

Hlutverk tilnefninganefndar er að leita eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar, meta hæfi frambjóðenda og mögulega samsetningu stjórnar. Tilnefningarnefnd skal í síðasta lagi fjórum dögum fyrir aðalfund gera skriflega grein fyrir störfum sínum og rökstyðja tillögur sínar. Skal sú skýrsla aðgengileg stofnfjáreigendum í síðasta lagi tveim dögum fyrir aðalfund. Ennfremur gerir tilnefningarnefnd tillögur um starfskjör stjórnar. Starfsreglur tilnefninganefndar og breytingar á þeim eru samþykktar af aðalfundi.

Skipan tilnefninganefndar starfsárið 2026-2027:

- Yngvi Ragnar Kristjánsson
- Þórunn Sigtryggisdóttir

Sparisjóðsstjóri og lýsing á helstu skyldum hans

Sparisjóðsstjóri er Örn Arnar Óskarsson f. 1970. Hann tók við stöðu sparisjóðsstjóra í ágúst 2022. Örn er ekki stofnfjáraðili í sparisjóðnum og við hann hafa ekki verið gerðir kaupréttarsamningar. Örn hefur starfað á fjármálamarkaði nánast óslitið frá árinu 2000, m.a. sem viðskiptastjóri fyrirtækja hjá Íslandsbanka og Landsbankanum, sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga og sem útibússtjóri hjá Byr Sparisjóði.

Örn er með rekstrarfræðimenntun frá Háskólanum á Akureyri (1994) en auk þess hefur hann setið fjölda námskeiða sem snúa að starfsemi fjármálafyrirtækja og þjónustu þeirra við viðskiptavini.

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfnisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórn sparisjóðsins og bera ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sparisjóðsins sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum nr. 161/2002 og samþykktum þessum.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustjórnun sparisjóðsins

Stjórn ræður innri endurskoðendur sjóðsins. FME hefur veitt heimild til undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar sjóðsins. Samningur um innri endurskoðun er í gildi milli sparisjóðsins og PriceWaterhouseCoopers ehf.

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Dagleg áhættustjórnun sparisjóðsins er á hendi starfsfólks og ber sparisjóðsstjóri ábyrgð gangvart stjórn á þeirri vinnu. Sparisjóðsstjóri og skrifstofustjóri gefa reglulegar skýrslur til stjórnar og eftirlits- og áhættunefndar um áhættu og þróun þeirra. Nánar er vísað til skýringa ársreiknings um fyrirkomulag innra eftirlits og áhættustýringu hjá sjóðnum.

Fyrirkomulag samskipta við hagaðila

Sparisjóðurinn birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu sjóðsins og sendir út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfseminni. Á aðalfundi sparisjóðsins er farið ítarlega yfir starfsemi sjóðsins.

Yfirlýsing stjórnar sjóðsins

Sparisjóðurinn hefur ekki brotið nein lög eða reglur sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var samþykkt af stjórn Sparisjóðs Þingeyinga 21.5.2026